

Heiti áfanga: JARÐ2AA05**Titill:** Almenn hnattræn jarðvísindi.**Staða áfanga:** Áfanginn er kjarnaáfangi á náttúrufræðibraut.

Nemendur á öðrum brautum en náttúrufræðibraut geta valið þennan áfanga sem einn af þremur raungreinaáföngum í kjarna.

Undanfarar: Enginn**Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga:** JARÐ2BB05.

Áfanginn er einnig einn af þremur mögulegum undanförum fyrir áfangana JARÐ2BP05 og JARÐ2BN05.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Áfanginn gefur yfirlit yfir jörðina í heild, allt frá jarðarmiðju til ystu loftlaga og ferlin sem eru að verki, innræn og útræn. Meginviðfangsefni eru lofthjúpurinn, höfin og fasta jörðin. Veður og loftslagsbreytingar, hafstraumar og mengun, landrek og önnur ferli sem hafa megináhrif á þróun jarðar eru til umfjöllunar. Jörðin er borin saman við aðra hnetti sólkerfisins. Nemendur vinna fjölbreytileg verkefni í áfanganum þar sem lögð er áhersla á að greina aðalatriði og orsakasamhengi innan kerfa jarðarinnar.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Sólkerfið: sólkerfið, reikistjörnur, samspil jarðar og tungls, árstíðir.

Lofthjúpur: samsetning og lagskipting lofthjúps, geislun, vindakerfi jarðar, lægðir og þróun þeirra, ósoneyðing, gróðurhúsaáhrif, náttúrulegar veðurfarsbreytingar.

Haf: selta sjávar, færiband heimshafanna, straumakerfi, El Nino, mengun.

Hin fasta jörð: lagskipting jarðar, jarðvarminn, jarðskorpuflekar og flekarek, eyjaröð, þverhryggur, landslag jarðarinnar, nýting jarðvarmans.

Vatnið: úrkoma, grunnvatn, jöklar, ár, nýting vatns og vatnsorku.

Námsmat: Áfanganum lýkur með lokaprófi. Einnig eru verkefni og áfangapróf metin til lokaeinkunnar.